



Nemar í grunnskólakennaranámi

Spurningakönnun meðal grunnskólakennaranema

á öðru ári í B.Ed.-námi skólaárið 2019–2020

Maí 2020

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Maí 2020

Nemar í grunnskólakennaranámi. Spurningakönnun meðal grunnskólakennaranema á öðru ári í B.Ed.-námi skólaárið 2019–2020. Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands.

ISBN: 978-9935-9519-5-3

Inngangur

Haustið 2018 hófst rannsókn meðal kennaranema á fyrsta námsári í B.Ed.-námi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tvær spurningakannanir voru lagðar fyrir haustið 2018 þar sem kennaranemar voru inntir eftir bakgrunni sínum, viðhorfum til námsins, hvort þeir væru í stað- eða fjarnámi, hvort þeir væru í launaðri vinnu með náminu og fleira. Á vormisseri var ein könnun til viðbótar lögð fyrir þar sem áhersla var lögð á spurningar sem tengdust framvindu í náminu og mati á gæðum. Á öðru ári var áfram verið að skoða vinnu með námi, vinnuálag og almenna ánægju með námið en í þeirri könnun var sjónum sérstaklega beint að því hversu mikið ýmsar tæknilausnir væru notaðar og ánægju með þær.

69 grunnskólakennaranemar svöruðu spurningalistum sem lagðir voru fyrir haustið 2018 og 58 um vorið. Á hausmiseri 2019 var lögð ný könnun fyrir þessa sömu nema sem þá voru komnir á annað ár í náminu og svör fengust frá 51 nema. Fjöldi nema sem lauk kjarnanámskeiðunum Nám og kennsla eldri nemenda í grunnskóla og Nám og kennsla yngri nemenda í grunnskóla var 51.

Við þökkum kennurum í grunnskólakennarafræðum fyrir aðstoðina.

Sérstakar þakkir fá grunnskólakennaranemar sem gáfu sér tíma til að svara þessum spurningalistum.

Rannsóknin er gerð með styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Helstu niðurstöður

Alls svaraði 51 nemi spurningalistanum sem lagður var fyrir nema á öðru námsári til B.Ed.-gráðu í grunnskólakennaranámi. 61% þátttakenda var í staðnámi, þriðjungur í fjarnámi og 6% tóku námskeið ýmist í fjar- eða staðnámi á sínu öðru námsári. Flestir voru á kjörsviðunum stærðfræði, náttúrugreinum og upplýsingatækni, 14 nemar, og íslensku og erlendum tungumálum, 13 nemar. Átta voru í grunnskólakennslu yngri barna, sjö í samfélagsgreinum, fjórir í list- og verkgreinum og þrír í heilsueflingu og heimilisfræði.

Tveir þriðju grunnskólakennaranema á öðru námsári eru í vinnu með náminu, og það á við um bæði staðnema og fjarnema en það er hins vegar mikill munur á hversu mikið þessir tveir hópar vinna. Meirihluti staðnema vinnur 20 klst. eða minna á viku, þ.e. hálfu vinnu eða minna, á meðan 30% fjarnema vinna meira en hálfu vinnu og um fjórðungur er í fullri vinnu. Þar sem staðnemar vinna að jafnaði frekar lítið með náminu kom ekki á óvart að næstum allir, eða 96% staðnema, segja það auðvelt að samræma nám og vinnu. Þó svo að fjarnemar vinni að jafnaði töluvert meira fannst meirihluta þeirra auðvelt eða frekar auðvelt að samræma nám og vinnu en tæpur þriðjungur þeirra sagði það vera frekar eða mjög erfitt. Tiltölulega fáir grunnskólakennaranemar sögðust taka námslán, eða um fjórðungur fjarnema, en einungis 16% staðnema tóku námslán.

Meira en þriðjungur (35%) fjarnema var við kennslu sem leiðbeinendur í grunnskólum, nokkrir störfuðu sem leiðbeinendur í leikskóla og nokkrir (12%) voru í starfi sem ekki tengdist náminu. Aðeins tveir staðnemar voru leiðbeinendur í grunnskóla en margir voru við störf sem tengdust náminu, svo sem íþróttabjálfun, unnu í tómsundastarfi og með fötluðu fólki. Nokkuð var um að bæði fjarnemar og staðnemar hefðu dregið úr vinnu með námi á öðru námsári frá því sem var á fyrsta námsári, en það átti við um 41% fjarnema og 23% staðnema. Sumir höfðu aukið vinnu með námi og átti það við um lítinn hluta bæði fjarnema og staðnema. Grunnskólakennaranemum fannst almennt ganga vel að samræma nám og vinnu en fáeinir í báðum hópum segja það ganga frekar illa.

Námsframvinda staðnema og fjarnema var svipuð, en 77% staðnema luku fullu námi eða meira á sínu fyrsta námsári og sama átti við um 71% fjarnema. Varðandi hæga framvindu hafði um fimmtungur staðnema og fjórðungur fjarnema lokið hálfu námi, þ.e. 30 einingum eða minna, á fyrsta ári í náminu. Athyglisvert er að staðnemar verja töluvert minni tíma til námsins en fjarnemar. Þannig sögðust 65% staðnema ekki verja nema 20 klst. eða minna í námið á viku. Um helmingur fjarnema ver 21–45 klst. á viku í námið. Fáir staðnemar verja 46 klst. eða meira til náms á viku (3%) en 12% fjarnema verja svo miklum tíma á viku til náms.

Meira en helmingi fjarnema (60%) fannst kennslustundir í staðlotum hæfilega margar en stórum hluta (40%) þeirra fannst þær allt of fáar. Flestum staðnemum finnst kennslustundir í staðnámi hæfilega margar en nokkrir segja að þær séu aðeins of fáar eða allt of fáar.

Þátttakendur voru inntir eftir því hvort tilteknir þættir hefðu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Bæði staðnemar og fjarnemar nefndu kvíða, heldur fleiri staðnemar (42%) en fjarnemar (37%)

Miklu fleir fjarnemar eða 44% til að telja að skyldur vegna fjölskyldu hafi neikvæð áhrif á námsframvindu, og 25% fjarnema nefna álag vegna launaðrar vinnu. Miklu færri staðnemar telja síðarnefndu þættina hafa neikvæð áhrif á nám sitt en 19% staðnema nefndu álag vegna vinnu en 10% þeirra skyldur vegna fjölskyldu.

Grunnskólakennaranemarnir voru spurðir um reynslu sína af notkun tækni við nám og kennslu. Allir höfðu reynslu af námsumsjónarkerfinu Moodle og upptökum úr kennslustundum og 60% fjarnema og 84% staðnema höfðu reynslu af upptökum sem kennarar gera utan kennslustunda. Flestir, bæði staðnemar og fjarnemar, eru ánægðir með notkun Moodle en þó eru 20% frekar eða mjög óánægð með uppsetningu og skipulag á Moodle. Allir fjarnemar meta gæði myndar og hljóðs mest í upptökum sem gerðar eru utan kennslustunda en fjarnemar lýsa óánægju með gæði bæði myndar og hljóðs í upptökum sem gerðar eru í kennslustundum.

Á heildina litið eru grunnskólakennaranemar tiltölulega ánægðir með námið, en yfir 90% staðnema sögðu reynslu sína af náminu vera góða eða mjög góða. Heldur færri fjarnemar (70%) lýstu góðri eða mjög góðri reynslu. Um 70% í báðum hópum töldu að tengsl á milli námsins og kennarastarfsins væru skýr. Í opnum spurningum gerðu fjarnemar athugasemdir við slæmt skipulag á staðlotum, of fáar kennslustundir og of lítinn tíma með kennurum, og staðnemi lætur í ljós þá skoðun að línur ættu að vera mun skýrari á milli staðnáms og fjarnáms.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
Myndir	5
Niðurstöður	6
Námsform, vinna með námi og einingar sem nemar ljúka	6
Ánægja með námið, notkun tækni í námi og kennslu.....	13
Mat grunnskólakennaranema á náminu	2


Myndir

Mynd 1. Fjöldi nema eftir námsbrautum.	6
Mynd 2. Námsform á þessu skólaári og því síðasta.	6
Mynd 3. Hlutfall sem tekur námslán.	7
Mynd 4. Launuð vinna með námi.....	7
Mynd 5. Vinna grunnskólakennaranema á 2. ári með námi.	8
Mynd 6. Starf sem viðkomandi sinnir.....	8
Mynd 7. Breytingar á vinnuhlutfalli frá síðasta ári.	9
Mynd 8. Hvernig gengur að samræma launaða vinnu og námið.	10
Mynd 9. Fjöldi eininga sem nemi er skráður í á haustmisseri.	10
Mynd 10. Fjöldi eininga sem nemi lauk á síðasta skólaári.	11
Mynd 11. Tími notaður í námið á viku.....	11
Mynd 12. Mat á því hvort kennslustundir í staðnámi og staðlotum séu hæfilega margar.....	12
Mynd 13. Hversu auðvelt er að samræma vinnu og mætingu í skóla/staðlotur?.....	13
Mynd 14. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið.....	13
Mynd 15. Ánægja með ýmsa þætti.	14
Mynd 16. Hvaða tækni hefur verið notuð í náminu?	15
Mynd 17. Hversu mikið tæknin er notuð.	15
Mynd 18. Hversu mikið nýta nemar upptökur?	16
Mynd 19. Ánægja með tækni sem notuð hefur verið í náminu.	1
Mynd 20. Telur þú tengsl á milli námsins og kennarastarfsins vera skýr?	2
Mynd 21. Er námið léttara eða erfiðara en á síðasta skólaári?.....	3
Mynd 22. Finnst þér þú verja nægum tíma í námið?	3
Mynd 23. Er vinnuálag í náminu mikið eða lítið?	4
Mynd 24. Er reynsla þín af kennaranáminu, á heildina litið, góð eða slæm?	5

Niðurstöður


Námsform, vinna með námi og einingar sem nemar ljúka

Alls svaraði 51 nemi spurningalistanum sem lagður var fyrir nema á öðru námsári til B.Ed.-gráðu í grunnskólakennaranámi.




Mynd 1. Fjöldi nema eftir námsbrautum.

Á mynd 1 sést hvernig þátttakendur í könnuninni skiptust á námsbrautir eftir kjörsviðum sem þeir hafa valið í grunnskólakennaranáminu. Flestir, eða 14 nemar, voru á kjörsviðum um stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni og 13 nemar voru í íslensku og erlendum tungumálum. Átta voru í grunnskólakennslu yngri barna, sjö í samfélagsgreinum, fjórir í list- og verkgreinum og þrír í heilsuefningu og heimilisfræði en tveir svöruðu ekki á hvaða námsbraut þeir væru.




Mynd 2. Námsform á þessu skólaári og því síðasta.

Á mynd 2 sést skipting svarenda eftir því hvaða námsform þeir hafa kosið. Þar sést að 65% nema voru í staðnámi á fyrsta námsári og aðeins færri, eða 61%, voru í staðnámi á öðru námsári. 27% voru í fjarnámi á fyrsta námsári en þriðjungur á öðru námsári. Miklu færri taka námskeið ýmist í fjarnámi eða staðnámi, eða 8% á fyrsta ári en 6% á öðru ári.




Mynd 3. Hlutfall sem tekur námslán.

Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir tækju námslán og í ljós kom að í heildina sögðust 18% taka námslán. En þegar litið er á fjarnema og staðnema sem aðskilda hópa þá taka fleiri fjarnemar námslán, eða næstum fjórðungur, á meðan einungis 16% staðnema segjast taka námslán.




Mynd 4. Launuð vinna með námi.

Á mynd 4 sést að þrjú fjórðu allra þátttakenda eru í vinnu með náminu og hlutfallið er nánast það sama hjá stað- og fjarnemum.



Mynd 5. Vinna grunnskólakennaranema á 2. ári með námi.


Á mynd 5 sést hins vegar að það er mikill munur á því hversu mikið fjarnemar og staðnemar vinna með náminu. 26% staðnema og 24% fjarnema segjast ekki vinna með náminu en athygli vekur hversu hátt hlutfall staðnema, eða 29%, svara ekki um fjölda klukkustunda á viku í launaðri vinnu. Yfir helmingur staðnema (64%) vinnur 20 klst. eða minna á viku, þ.e. hálfa vinnu eða minna. Hins vegar vinna 30% fjarnema meira en hálfa vinnu og 24% myndu teljast vera í fullri vinnu með náminu.



Mynd 6. Starf sem viðkomandi sinnir.


Í svörum við spurningu um hvers konar starfi nemar eru í kemur í ljós að 35% fjarnema á öðru ári í grunnskólakennaranámi eru við kennslu sem leiðbeinendur í grunnskólum. 12% fjarnema starfa sem

leiðbeinendur í leikskóla og sama hlutfall í öðru starfi sem tengist náminu en 12% eru í starfi ótengdu náminu. Þessu er öðru vísi farið með staðnemana, en 29% þeirra eru í starfi sem ekki tengist náminu. 10% svarenda starfa við íþróttabjálfun og önnur 10% eru í tómsundastarfi. Þá vinna 13% með fötluðu fólki, en aðeins 6% eru leiðbeinendur í grunnskóla, miklu lægra hlutfall en meðal fjarnema.




Mynd 7. Breytingar á vinnuhlutfalli frá síðasta ári.

Þátttakendur voru spurðir hvort breytingar hefðu orðið á vinnuhlutfalli á milli ára. Í ljós kemur að 41% fjarnema kveðst hafa dregið úr vinnu með námi á meðan 18% úr þeim hópi hafa aukið vinnuna. Staðnemar hafa gert heldur minni breytingar á starfshlutfalli, 35% þeirra segjast vera í svipuðu vinnuhlutfalli á meðan 23% hafa dregið úr vinnu og 19% aukið vinnuhlutfallið.




Mynd 8. Hvernig gengur að samræma launaða vinnu og námið.

Samkvæmt svörum sem sjást á mynd 8 gengur grunnskólakennaranemum sem svöruðu könnuninni almennt vel að samræma nám og vinnu, en einungis 4% staðnema og 8% fjarnema segja það ganga frekar illa.




Mynd 9. Fjöldi eininga sem nemi er skráður í á haustmisseri.

Á mynd 9 sést að 100% staðnema og 88% fjarnema eru skráð í fullt nám eða meira á sínu öðru námsári.



Mynd 10. Fjöldi eininga sem nemi lauk á síðasta skólaári.


Mynd 10 sýnir hvað þátttakendur sögðust hafa lokið mörgum einingum á fyrsta ári sínu í náminu. Meira en þrjú af hverjum fjórum staðnema höfðu lokið sem svarar fullu námi eða meira og sama á við um 71% fjarnema. Næstum fimmtungur staðnema (19%) hafði lokið 30 einingum eða minna og það sama átti við um fjórðung (24%) fjarnema.



Mynd 11. Tími notaður í námið á viku.


Mynd 11 sýnir hvað nemarnir sögðust verja miklum tíma í námið á viku. 65% staðnema verja 20 klst. eða minna í námið á viku á meðan 26% fjarnema verja svo litlum tíma í nám. 48% fjarnema segjast

verja 21–45 klst. á viku í námið og þetta á við um 32% staðnema. Um 12% fjarnema verja 46 klst. eða meira til náms á viku en 3% staðnema.



Mynd 12. Mat á því hvort kennslustundir í staðnámi og staðlotum séu hæfilega margar.


Nemarnir voru beðnir að meta hvort kennslustundir sem bjóðast í staðnámi eða staðlotum í skólahúsnaðinu séu nægilega margar. Flestum staðnema, eða 81%, finnst kennslustundir í staðnámi hæfilega margar en tæp 20% segja að þær séu aðeins of fáar eða allt of fáar. Hins vegar finnst 41% fjarnema kennslustundir í staðlotum allt of fáar á meðan tæp 60% segja að þær séu hæfilega margar.



Mynd 13. Hversu auðvelt er að samræma vinnu og mætingu í skóla/staðlotur?

Þar sem langflestir grunnskólakennaranemar vinna með námi, þó að það sé misjafnlega mikið, var spurt hversu auðvelt eða erfitt væri að samræma mætingu í skóla og vinnu. Á mynd 13 sést að næstum allir staðnemar, eða 96%, segja það auðvelt, frekar auðvelt eða mjög auðvelt á meðan 69% fjarnema segja að svo sé. Tæpur þriðjungur fjarnema segir hins vegar að það sé frekar erfitt, erfitt eða mjög erfitt. Einungis 4% staðnema segja það vera frekar erfitt en enginn erfitt eða mjög erfitt.


Ánægja með námið, notkun tækni í námi og kennslu



Mynd 14. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið.


Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á hvað þeir teldu að gæti hugsanlega haft neikvæð áhrif á framvindu þeirra í námi. Á mynd 14 sést hvaða þættir nemar töldu að hefðu neikvæð áhrif. Um 37% fjarnema telja kvíða hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á nám sitt og 42% staðnema eru sama sinnis. Um 44% fjarnema telja að skyldur vegna fjölskyldu hafi neikvæð áhrif á námið en ekki nema 10% staðnema merkja við þetta atriði. 19% staðnema telja að álag vegna launaðrar vinnu hafi neikvæð áhrif á námið og um 25% fjarnema telja svo vera. Fáir telja að lesblinda hafi neikvæð áhrif og er líttill munur á fjar- og staðnemunum hvað þetta varðar. Þátttakendum var boðið að nefna

annað sem hefði haft neikvæð áhrif á frammistöðu í náminu og eftirfarandi var nefnt: ADHD, athyglisbrestur, þunglyndi, svefnörðugleikar, áfallastreituröskun, frestunarárátta, fjármálaáhyggjur og æfingar (svör frá staðnemum eingöngu).




Mynd 15. Ánægja með ýmsa þætti.

Þegar nemar voru beðnir að meta ánægju með ýmsa þætti í náminu og námið í heild kom í ljós að yfir 80% staðnema voru ánægð eða mjög ánægð með námið í heild en það átti ekki við nema um 44% fjarnema. 62% staðnema voru ánægð eða mjög ánægð með kennslu á heildina litið á meðan 38% fjarnema lýstu sig ánægð eða mjög ánægð. Aðspurðir um aðstæður í tímum voru fjarnemar ánægðari en staðnemar en 73% sögðust mjög ánægð eða ánægð með aðstæður í tímum á meðan 45% staðnema sögðust ánægð með aðstæður en ekki nema 6% lýstu sig mjög ánægð með aðstæður í tímum. Meðal fjarnema eru 44% mjög ánægð með samskipti við kennara en það á við um 26% staðnema. Þegar teknir eru saman þeir sem eru ánægðir eða mjög ánægðir með samskipti við kennara á það við um 91% staðnema en 75% fjarnema. 90% staðnema eru mjög ánægð eða ánægð með samskipti við samnemendur en það sama á við um 63% fjarnema. Af þeim þáttum sem spurt var um sker skipulag staðlotna sig úr, en aðeins tæpur fimmtungur fjarnema er ánægður með það og enginn mjög ánægður, og þegar bætt er við þeim sem voru frekar ánægðir eru 38% nema samanlagt frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð. Það er því ljóst að 62% fjarnema eru óánægð með skipulag staðlotna og þar af eru 25% mjög óánægð. Af staðnemum eru 65% frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð með skipulag staðlotna og enginn er mjög óánægður.




Mynd 16. Hvaða tækni hefur verið notuð í náminu?

Þátttakendur voru spurðir um reynslu sína af notkun ýmiss konar upplýsinga- og samskiptatækni í náminu og niðurstöður eru sýndar á mynd 16. Allir, bæði staðnemar og fjarnemar, höfðu reynslu af að nota námsumsjónarkerfið Moodle, sem er almennt notað í öllum námskeiðum á Menntavísindasviði. Allir fjarnemar sögðust hafa reynslu af upptökum úr kennslustundum og 97% staðnema höfðu líka reynslu af upptökum. Tæp 60% fjarnema höfðu reynslu af upptökum sem gerðar voru sérstaklega utan kennslustunda á meðan 84% staðnema höfðu reynslu af slíkum upptökum. Fáir nemar höfðu reynslu af þátttöku í kennslustund í beinni útsendingu í rauntíma; 12% fjarnema höfðu reynslu af því en ekki nema 3% staðnema. Þegar spurt var um reynslu nema af að nota Facebook kom í ljós að yfir 70% í báðum hópum höfðu reynslu af Facebook. Það er tiltölulega stutt síðan farið var að nota Inspera prófakerfið við HÍ og höfðu 23% staðnema reynslu af því en ekki nema 6% fjarnema.




Mynd 17. Hversu mikið tæknin er notuð.

Í framhaldi af fyrri spurningu var spurt hversu almenn notkun viðkomandi tækni hefði verið, frá því að vera notuð nánast í öllum námskeiðum, í meirihluta námskeiða, í minnihluta námskeiða og niður í að vera notuð í örfáum námskeiðum. Á mynd 17 má sjá að staðnema segjast hafa reynslu af upptökum úr kennslustundum í nánast öllum eða í meirihluta námskeiða, þetta á líka við um mikinn meirihluta fjarnema. 60% fjarnema höfðu reynslu af upptökum utan kennslustunda í minnihluta námskeiða og 40% í örfáum námskeiðum. Lítil hluti staðnema, eða um 10%, hafði reynslu af upptökum utan kennslustunda í nánast öllum eða í meirihluta námskeiða á meðan um 90% höfðu, eins og fjarnemar, slíka reynslu í minnihluta námskeiða eða í örfáum námskeiðum.



Mynd 18. Hversu mikið nýta nemar upptökur?

Á mynd 18 má sjá hvernig þátttakendur svöruðu spurningum um hvort þau notuðu upptök og hversu mikið. Allir fjarnemar sögðust nota upptök úr tímum mjög mikið og 76% staðnema sögðust nota þær mjög eða frekar mikið. Þegar spurt var um nýtingu á upptökum utan kennslustunda sögðust 90% fjarnema nota þær mjög eða frekar mikið en 54% staðnema nota þær mjög eða frekar mikið.



Mynd 19. Ánægja með tækni sem notuð hefur verið í náminu.

Ánægja annars árs grunnskólakennaranema með mismunandi tækni sem stuðst er við í kennslu er sýnd á mynd 19. Yfir 90% bæði staðnema og fjarnema voru mjög eða frekar ánægð með notkun Moodle-námsumsjónarkerfisins. Þegar spurt var um ánægju með uppsetningu og skipulag á Moodle svöruðu um 70% fjarnema að þau væru frekar eða mjög ánægð með það en rúm 20% voru frekar óánægð með það. Meðal staðnema voru um 90% mjög eða frekar ánægð með uppsetningu og skipulag á Moodle og enginn mjög óánægður. Aðspurð um ánægju með notkun Facebook í námi og kennslu lýstu rúm 60% fjarnema sig mjög eða frekar ánægð en um 10% sögðust vera frekar óánægð með notkun Facebook. Rúm 40% staðnema sögðust frekar eða mjög ánægð með notkun Facebook á meðan tæp 60% merktu við svarið hvorki né.

Þegar spurt var um ánægju nema með það að upptökur færu fram í kennslustundum sögðust um 90% staðnema og 80% fjarnema vera mjög eða frekar ánægð með það.

Allir fjarnemar lýstu sig mjög eða frekar ánægða með gæði hljóðs og myndar í upptökum utan kennslustunda. Svör staðnema skiptast þannig að rúm 60% þeirra eru frekar eða mjög ánægð með gæði hljóðs í upptökum utan kennslustunda, tæp 40% svöruðu hvorki né og örfáir lýstu sig frekar óánægða með gæði hljóðs í þessum upptökum. Fjarnemar eru síður ánægðir með gæði bæði myndar og hljóðs í upptökum úr kennslustundum, en tæp 40% fjarnema eru frekar óánægð með gæði myndar í þeim upptökum og tæp 60% eru frekar eða mjög óánægð með gæði hljóðs í upptökum úr tímum. Rúmur helmingur staðnema er mjög eða frekar ánægður með gæði myndar í upptökum úr tímum og álíka margir eru frekar ánægðir með hljóðið á meðan um 10% staðnema lýstu sig frekar óánægð með hljóð og mynd en enginn sagðist mjög óánægður.

Þátttakendum var boðið að gera athugasemdir um notkun tækni í opinni spurningu. Flestar athugasemdir fjarnema sneru að skipulagi á Moodle og skorti á samræmi í uppsetningu á milli kennara og námskeiða. Hér eru dæmi um athugasemdir fjarnema.

- Skipulagið á Moodle fer mjög eftir hvernig og hvort kennarinn er skipulagður. Hjá sumum er Moodle allt útum allt og ekkert skipulag. Mjög gott væri ef það væri verklag fyrir kennara hvernig best væri að skipuleggja Moodle.
- Ef að allir kennarar myndu skipuleggja Moodle eins væri þetta ekki svona óskipulagt. Væri hægt að kenna kennurunum betur á Moodle svo að allt sé ekki á mismunandi stað. Hafa svipaða uppsetningu hjá öllum námskeiðum.
- Það mætti vera meira samræmi á milli hvernig áfangar eru settir upp á Moodle. Áfangar eru misskipulagðir og oft erfitt að finna t.d. glærur, verkefnalýsingar og þess háttar. Væri mun betra ef það væru sér möppur fyrir t.d. glærur, verkefni, fyrirlestra og svo framvegis.

Eftirfarandi athugasemd bendir til þess að fjarnemum finnist ekki nægilega mikið tillit tekið til þeirra í kennslunni.

- Ég vildi óska þess að það væri meiri áhersla lögð á okkur sem getum ekki komið í tímana. Oft eru fyrirlestrarnir ágætir og kennararnir reyna sitt besta, án vafa, en það mætti gera betur. Stundum, sem dæmi, fer kennarinn frá míkrófóninum og þá heyrir mjög lítið og stundum er verið að tala um eitthvað á skjánum sem ekki birtist í fyrirlestrum. Annars eru kennararnir

mínir allir af vilja gerðir til að svara mér sem best þegar ég spyr þá. Flott starfsfólk en aðbúnaðurinn mætti vera betri enda skilst mér að rúmlega helmingur nemenda séu fjarnemar.


Athugasemdir staðnema snúast líka flestar um skort á skipulagi og samræmi í uppsetningu á Moodle.

- Misvel skipulagðar Moodle síður. Kennarar samræmi skipulag á Moodle. Mætti flokka betur fyrirlestra og verkefni þannig að auðvelt sé að finna það sem maður leitar að.
- Fer eftir því hvaða kennari er með áfangann, flestir eru með mjög gott skipulag en alls ekki allir. Uppsetning er mjög mismunandi eftir námskeiðum. Stundum mjög léleg uppsetning ef kennari er ekki góður í tæknimálum.
- Sumir kennarar hefðu gott af því að fara í kennslu með hvernig ætti að nota Moodle. T.d. hjá Ingibjörgu Frímanns eða Berglindi Gísla.

Ein athugasemd staðnema snerist um upptökur í kennslustundum.

- Mér finnst mjög gott að eiga upptökur þó ég mæti í tíma, til að rifja upp til dæmis. En það þarf stundum að vanda betur upptökur þegar verið er að skrifa upp á töflur eða benda á skjái svo það skili sér á upptökunum. Einnig að kennarar passi betur að endurtaka spurningar úr sal.


Mat grunnskólakennaranema á náminu



Mynd 20. Telur þú tengsl á milli námsins og kennarastarfsins vera skýr?


Í lok könnunar voru spurningar um nokkra þætti sem sneru að kennaranáminu. Á mynd 20 sjást svör þátttakenda við spurningu um það hvort tengsl á milli námsins og kennarastarfsins séu skýr eða óskýr eða hvorki né. 71% fjarnema töldu þau vera skýr, 12% sögðu þau hvorki vera skýr né óskýr en 18%

töldu þau vera óskýr eða mjög óskýr. Af staðnemum taldi enginn þau vera óskýr eða mjög óskýr en 33% þeirra fannst þau hvorki vera skýr né óskýr á meðan tæp 70% töldu þau vera skýr eða mjög skýr.




Mynd 21. Er námið léttara eða erfiðara en á síðasta skólaári?

Þátttakendur voru beðnir að meta hvort þeim fyndist námið léttara, erfiðara eða svipað og á síðasta skólaári og um helmingi bæði staðnema og fjarnema fannst það vera svipað. Tæpur fjórðungur í báðum hópum sagði það vera aðeins erfiðara og 24% fjarnema og 17% staðnema fannst það vera erfiðara eða miklu erfiðara. 10% staðnema sögðu námið vera aðeins léttara eða léttara en á fyrsta ári og 6% fjarnema fannst það aðeins léttara en engum miklu léttara.




Mynd 22. Finnst þér þú verja nægum tíma í námið?

Mynd 22 sýnir svör staðnema annars vegar og fjarnema hins vegar við spurningu um það hvort þeim fyndist þeir verja nægum tíma í námið. Rúm 70% staðnema og tæp 60% fjarnema segjast alltaf eða oftast verja nægum tíma í námið á meðan 27% staðnema og um 40% fjarnema segjast sjaldan eða aldrei verja nægum tíma í námið.



Mynd 23. Er vinnuálag í náminu mikið eða lítið?

Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeim fyndist vinnuálag í náminu mikið eða lítið. Á mynd 23 sést að tæpum helmingi fjarnema fannst það mjög mikið og 18% fannst það frekar mikið. Aðeins 7% staðnema finnst vinnuálagið mjög mikið en helmingi þeirra fannst það frekar mikið, 33% fannst það hvorki mikið né lítið og 10% fannst það frekar lítið. Um fjórðungi fjarnema fannst álag hvorki mikið né lítið en 12% þeirra fannst það frekar lítið. Enginn nemi merkti við valkostinn mjög lítið í þessari spurningu.



Mynd 24. Er reynsla þín af kennaranáminu, á heildina litið, góð eða slæm?

Loks var spurt hvort reynsla af kennaranáminu væri á heildina litið góð eða slæm. Á mynd 24 sést að yfir 90% staðnema svöruðu að reynslan væri góð eða mjög góð, en það átti við um færri fjarnema þar sem 70% þeirra höfðu þessa skoðun. Um fjórðungur fjarnema sagði reynsluna vera hvorki góða né slæma og 6% höfðu slæma reynslu af kennaranáminu. Enginn staðnemi hafði slæma reynslu af náminu en 7% þeirra merktu við hvorki né.

Þátttakendum var í lokin gefinn kostur á að segja álit sitt á náminu með eigin orðum í opinni spurningu. Eins og að framan flokkum við saman athugasemdir annars vegar fjarnema og hins vegar staðnema og gerum grein fyrir athugasemdum hvors hóps sérstaklega.

Nokkrir fjarnemar gerðu athugasemdir við skipulag á staðlotum, sem þeim fannst vera slæmt, og bæði voru gerðar athugasemdir við að fá of fáar kennslustundir og of lítinn tíma með kennurum. Einn óskaði eftir að meira tillit væri tekið til fjarnema en önnur athugasemd er frá kennaranema sem þakkar kennurum fyrir að sýna skilning á aðstæðum sínum.

- Skipulag staðlota er slæmt. Fólk kemur langt að og margir í vandræðum með að redda pössun eða fá frí í vinnu og það er sárt að vita af því að maður sé svo bara í nokkrar mínútur á dag í tímum fyrir vikufrí úr vinnu og fjarlægð frá fjölskyldu.
- Mætti gefa okkur meiri tíma með kennurum, ekki að hafa fyrirlestra í staðlotum eins og í venjulegri stundaskrá.
- Mundi gjarnan vilja að tekið væri meira tillit til okkar fjarnemanna, þá sérstaklega í staðlotum. Þar sem tillit til okkar í lotum er ekkert.
- Ég kemst mjög sjaldan í staðlotur enda er ég búsettur í X. Kennarar hafa haft mjög góðan skilning á mínum aðstæðum og er það vel.

Tvær athugasemdir snerust um að reynsla af kennslu í grunnskóla væri ekki metin sem hluti af náminu, líklega átt við vettvangsnám.

- Ég vildi bara óska þess að ég gæti fengið einhverjar einingar metnar inn fyrir vinnuna mína þar sem ég vinn sem afleysingarkennari í barna- og unglingaskóla hér í X. Ég ætla heim til Íslands og vinna þar sem kennari en þangað til vil ég klára námið mitt hér.
- Svo er annað, ég hef unnið sem afleysingarkennari í X í tæp þrjú ár og hef fengið þar ómetanlega reynslu sem verðandi kennari. Ég fæ ekki eina mínútu af þessari vinnu minni metna inn í námið. Mér finnst líka allt of lítið val í boði. Ef það væri aðeins meira val að þá væri kannski hægt að fá svona starfsreynslu metna. Það er allavega mín skoðun.

Loks er athugasemd frá fjarnema um álag í náminu.

- Mig langar að nefna hversu mikil keyrsla er alltaf í náminu. Það eru stanslaus verkefnaskil og vinna.

Einungis tveir staðnemar notfærðu sér það að gera athugasemdir um námið með eigin orðum. Þar kemur fram sú skoðun að línur ættu að vera mun skýrari á milli staðnáms og fjarnáms og gerðar eru athugasemdir við kennsluhætti sem þykja einhæfir.

- Mér finnst líka frekar kaldhæðnislegt að vera að læra um allar kennsluaðferðirnar þegar langflestir kennarar notast nánast einungis við útlistunarkennslu, þ.e. fyrirlestra, skrifleg verkefni og próf.
- Fækka kennslustundum sem eingöngu byggjast á fyrirlestrum, þar sem kennari les upp af glærum (sumir komast upp með það, en það er sjaldgæfur hæfileiki). Ég veit að það er hentugt að áfangar séu eingöngu á fyrirlestraformi (fyrir fjarnemendur) en þeir sem eru í staðnámi eiga ekki að gjalda fyrir það.